



Haustönn 2025  
Fjölbrautaskóli Suðurlands

## MYNL2TK05

### Teikning (grunnur)

|         |                                                                                      |
|---------|--------------------------------------------------------------------------------------|
| Kennari | Ágústa Ragnarsdóttir, <a href="mailto:agustaragnars@fsu.is">agustaragnars@fsu.is</a> |
|---------|--------------------------------------------------------------------------------------|

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur og æfa grunnatriði teikningar. Farið í mikilvægu línu í allri teikningu, skyggingar æfðar, lögð áhersla á að hjálfa formskilning með greiningu grunnformanna bæði þau tvívíðu og þrívíðu. Grunnur lagður að fríhendisteikningu. Unnið með myndbyggingu út frá formum, raunsætt og abstrakt. Lagður grunnur í eins- og tveggjapunkta fjarvídd.

#### Undanfari: Enginn

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- möguleikum blýantsins
- mikilvægi línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tvívíðum og þrívíðum formum
- eins- og tveggja punkta fjarvídd
- myndbyggingu
- muninum á abstrakt og raunsæi

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að sýna trúverðuga skyggingu með blýanti með mikilli dýpt þar sem öllum tónum grátónaskalans er beitt sem og sýnt fram á kunnáttu við að beita línu.
- fríhendisteikna þrívíðu grunnformi með og án skygginga.
- teikna fjarvíddarmyndir innan húss og utan með hjálp eins- og tveggjapunkta fjarvíddartækni.
- að mæla út hlutföll og nýta í sinni teikningu.
- að fríhendisteikna flóknari hluti með grunnformin í huga.
- að setja saman myndbyggingu út frá bæði abstrakt og raunsæi.

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skynja og skilja að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda.
- teikna og skyggja mynd af hlutum og umhverfi sínu, bæði raunsætt og abstrakt.
- teikna út frá eigin hugmyndum sem og fyrirmyndum.
- vinna meðvitað með myndbyggingu.

### Námsefni:

Fyrirlestrar, innlagnir, glærur, internetið, myndbönd, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Öll verkfæri og allt efni er innifalið í efnisgjaldi sem greiðist í heimabanka.

### Áætlun um verkefni:

| Vika  | Dagsetning          | Námsefni og viðfangsefni                                                                                                                                         | Verkefni                 |
|-------|---------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|
| 34-35 | 20.-23. ág.         | - Kynning á áfanga<br>- <b>Skygging og gráskali:</b> Ólíkar aðferðir og styrkleikar                                                                              | Verkefni 1               |
| 35-36 | 26. - 2. sept.      | - <b>Geómetrísk afstrakt:</b> Tvívíð form, ólíkar skyggingar og myndbygging                                                                                      | Verkefni 2               |
| 36-37 | 3.-12. sept.        | - <b>Þrívíð form og skyggingar:</b> Kassi, kúla, keila, sívalningur og pýramídi                                                                                  | Verkefni 3               |
| 37-39 | 13. - 23. sept.     | - <b>Fjarvídd 1p, fyrri hluti.</b> Grunnur í fjarvídd úr frá einum hvarfpunkti.<br>- <b>Fjarvídd 2p, fyrri hluti.</b> Grunnur í fjarvídd út frá tveimur punktum. | Verkefni 4<br>Verkefni 5 |
| 39-42 | 24. sept. -8. okt.  | - <b>Uppstilling og slöngulína:</b> Fríhendisteikning þrívíðra forma, myndbygging, rými, slöngulína, skyggingar                                                  | Verkefni 6               |
| 42-43 | 8. -29. okt.        | - <b>Raunsæ hlutateikning:</b> Fríhendisteikning út frá ljósmynd, skyggingar, myndbygging<br>- Haustfrí 23. og 24. okt.<br>- Miðannarmat 17. okt.                | Verkefni 7               |
| 44-45 | 1.- 8. nóv.         | - <b>Fjarvídd út frá 1 punkti:</b> Val á milli inni-eða úti myndar.                                                                                              | Verkefni 8               |
| 4-46  | 8. 15. nóv.         | - <b>Fjarvídd út frá 2 punktum:</b> Val á milli inni-eða útimyndar. Verður þó að vera öfugt val miðað við verkefni 8.                                            | Verkefni 9               |
| 47-50 | 19. nóv. - 11. des. | - <b>Lokaverkefni:</b> Allir þættir áfangs koma saman í einni heildstæðri mynd.                                                                                  | Verkefni 10              |

### Sérreglur myndlistar:

- **SKIL OG SKILAFRESTUR:**

- Skila þarf öllum fyrirsettum verkefnum annarinnar, þar með töldu fullunnu og stöðnu lokaverkefni og fá 5 í lokaeinkun til að eiga möguleika á að standast áfangann.
- *Sein skil: Dregið er niður fyrir sein skil verkefna um 0,5 pr. dag. Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærra en 5 fyrir verkefni. Mikilvægt að nemandi sé í góðu sambandi við kennara sinn ef hann er að lenda í skilavandræðum.*
- Nemendur fá möppur strax í byrjun annar þar sem þeir geyma skissur og verkefni. Mikilvægt að haldi vel utan um allt og taka möppur ávallt með sér heim enda heimavinna nauðsynleg í flestum tilfellum til að standast áætlun.
- Öll verkefni birtast á INNU. Nemendur skulu skila **vandaðri** ljósmynd af hverju verkefni að því loknu í skilahólf.
- Um er að ræða próflausan símats- og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi og vinnuframlag, sjálfstæð vinnubrögð, tileinkun, tilraunir, framfarir og mæting. Verkefni má skila aftur ef nemandi vill bæta það.
- Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.
- Lokaverkefni er ígildi prófs. Nemendur skulu hagnýta sér þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað í áfanganum til að vinna heildstætt verkefni á sjálfstæðan hátt undir handleiðslu kennara.
- 

#### Námsmat:

| Námsþáttur                | Lýsing á námsmati                                                                                                                                                                  | Vægi |
|---------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| Skygging og gráskali      | Andstæður, flæði innan aðferðar, flæði milli aðferða, fjölbreytileiki aðferða, heild, vinnuframlag, virkni, tileinkun, skil.                                                       | 4%   |
| Geometrisk form           | Andstæður, aðferðir, línuvinna, myndbygging, vinnuframlag, tileinkun, heild, skil.                                                                                                 | 5%   |
| Þrívíð form og skyggingar | Andstæður, formskyggingar, skuggavörpun, samspil forgrunns og bakgrunns, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.                                                       | 7%   |
| Fjarvídd fyrri hluti      | Flækjustig framsetningar, fjarvíddarvinnan, skyggingar, myndbygging, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.                                                           | 6%   |
| Uppstilling og slöngulína | Teikning og skygging formanna, teikning og skygging slöngulínunnar, myndbygging og flækjustig, samspil forgrunns og bakgrunns, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil. | 13%  |
| Raunsæ hlutateikning      | Teikning og skygging, flækjustig viðfangsefnis, myndbygging, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.                                                                   | 20%  |
| Fjarvídd seinni hluti     | Flækjustig viðfangsefnis, fjarvíddarskilningur, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.                                                                                | 22%  |

|              |                                                                                                                                                                                    |      |
|--------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| Lokaverkefni | Teikning, skygging og andstæður. Myndbygging, frumleiki og nálgun. Afstrakt í tvívídd, raunsær hlutur, fjarvídd og slöngulína. Heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil. | 23%  |
| Samtals      |                                                                                                                                                                                    | 100% |

### Verkefni, vægi, tímarammi, innlagnir og skil

|                                    |                   |                |
|------------------------------------|-------------------|----------------|
| 1. Skygging og gráskali (4%)       | Innlögn 19. ág.   | Skil 21. ágúst |
| 2. Geometrísk afstrakt (5%)        | Innlögn 26. ág.   | Skil 28. ágúst |
| 3. Þrívíð form og skyggingar (7%)  | Innlögn 2. sept.  | Skil 9. sept.  |
| 4. Fjarvídd 1p, fyrri hluti (3%)   | Innlögn 11. sept. | Skil 18. sept. |
| 5. Fjarvídd 2p, fyrri hluti (3%)   | Innlögn 16. sept. | Skil 18. sept. |
| 6. Uppstilling og slöngulína (13%) | Innlögn 23. sept. | Skil 7. okt.   |
| 7. Raunsæ hlutateikning (20%)      | Innlögn 9. okt.   | Skil 28. okt.  |
| 8. Fjarvídd 1p, seinni hluti (11%) | Innlögn 30. okt.  | Skil 6. nóv.   |
| 9. Fjarvídd 2p, seinni hluti (11%) | Innlögn 6. nóv.   | Skil 13. nóv.  |
| 10. Lokaverkefni (23%)             | Innlögn 18. nóv.  | Skil 11. des.  |

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

15. ágúst 2025